

Mál nr. 460/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. janúar 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi myndbandsupptöku frá 21. júlí 2025 var M um hádegisbil á leið gangandi með göngugrind inn um snúningshurð við inngang B í Kringluna þegar hurðarvængur rakst í hægri hlið hennar með þeim afleiðingum að hún féll við og hlaut meiðsli af. Í framhaldinu gerði M kröfu um að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V en þeirri kröfu var hafnað.

Í málskoti gerir M kröfu um að synjun V verði felld úr gildi og viðurkennt verði að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M byggir á því að slysið sé að rekja til alvarlegs öryggisbrests í snúningshurðinni og vanrækslu rekstraraðila á að tryggja öryggi og aðgengi viðskiptavina sinna með fullnægjandi hætti. Hurðin hafi verið biluð, öryggisskynjarar hafa ekki virkað eðlilega en þrátt fyrir það hafi hurðin verið í notkun, hliðarhurðir við inngang B hafi verið lokaðar og óaðgengilegar utan frá. Sama dag og slysið varð hafi staðið til að gera við hurðina vegna „ofurnæmra öryggisskynjara“ og þrátt fyrir það hafi hurðin verið í notkun. Hurðin hafi ekki virkað rétt. Jafnframt vísar M til þess að samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda hurðarinnar eigi hún að vera snertilaus þar sem hurðin er sérstakleg hönnuð með viðkvæma notendur í huga, þar með talið aldraða og notendur göngugrinda eða annarra hjálpartækja. Hún eigi strax að hægjast eða stöðvast ef hún mætir hægfare notanda eða hlut, svo sem göngugrind. Samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda og staðli EN16005 sé notkun hurðarinnar bönnuð ef hún er biluð. Skylt sé að sinna daglegu eftirlit, prófa bæði öryggisskynjara og neyðarhnappa. Kröfum sínum til stuðnings vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 516/2002 og úrskurðar úrskurðarnefndar nr. 196/2018.

Í athugasemdum V er fyrri afstaða ítrekuð, þ.e. að bótaskylda sé ekki til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna atviksins. Hafi M ekki sýnt fram á að tjón hennar megi rekja til saknæms vanbúnaðar umræddrar hurðar. Sönnunarbyrðin hvíli á M um að skilyrði bótaréttar séu uppfyllt. Félagið telur ósannað að öryggisbrestur hafi verið til staðar í snúningshurðinni. Hurðin hafi verið skoðuð af þjónustuaðila hurðarinnar eftir atvikið og allur öryggisbúnaður hafi verið í lagi. V hafnar því að hurðin hafi verið vanbúin í umrætt sinn.

Í viðbótarathugasemdum M er fyrri afstaða ítrekuð. Ljóst sé af myndbandsupptöku af atvikinu að hurðin hafi ekki virkað rétt. Hurðin hafi hvorki hægt á sér né stöðvast áður en hún rakst í M. X hafi ekki sýnt fram á að hurðin hafi verið í fullnægjandi öryggisástandi þegar slysið varð. M hafnar því að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Álit.

Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja er það afstaða hennar að nægilega sé sýnt fram á hvernig slys M atvikaðist, þ.e. að hún hafi misst jafnvægið þegar hurðarvængur rakst í hana. Umrædd snúningshurð er inngangur inn í eina stærstu verslunarmiðstöð landsins þar sem um fer fólk á öllum aldri sem býr við misjafna líkamlega færni, m.a. í þeim tilgangi að fara til læknis. Eins og fram er komið er um verslunarhúsnæði að ræða og verður að leggja ríkar skyldur á umráðamenn slíks húsnæðis að þeir tryggi öryggi þeirra sem þangað sækja, s.s. tryggi að sjálfvirkur búnaður virki rétt. Af myndbandsupptöku að dæmi virðist vera sem snúningshurðin „elti“ M uppi, þ.e. hurðin aðlagi sig ekki að þeim hraða sem M gekk á í umrætt sinn þrátt fyrir að hún hafi ýtt á hnapp þess efnis inni í hurðinni. Samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda á hurðin að vera snertilaus. Jafnframt liggur fyrir að búið var að kalla til þjónustuaðila vegna þess að skynjarar virkuðu ekki rétt. Þá er í leiðbeiningum framleiðanda

hurðarinnar og staðli EN16005, evrópskum öryggisstaðli fyrir sjálfvirkar hurðar, skýrlega mælt fyrir að hurðin megi ekki vera í notkun ef hún þarfnast viðgerðar eða stillingar. Það er mat nefndarinnar að þar sem fyrir lá að öryggisbúnaður snúningshurðarinnar var í ólagi verði V að bera hallann af því að öryggi þeirra sem um hurðina fóru hafi ekki verið tryggt.

X ber skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir í umrætt sinn. Ekkert tilefni er til að ætla að slysið verði rakið til atvika sem M ber meðábyrgð á. M á rétt til óskerta bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir